



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Hér með sendist útskrift út gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 19. september 2018 varðandi eftirfarandi mál

Fossvogshverfi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 14. september 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Fossvogshverfis. Í breytingunni felst að skilgreinar nýtingarhlutfall ofanjarðar og bæta við heimild til nýtingarhlutfalls ofanjarðar vegna B-rýma.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Hjálagt:

Fossvogshverfi, tillaga dags. 14.09.2018



Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags „Fossvogshverfis“ fyrir einbýlishús í Fossvogi

- Upphaflegt heildardeiliskipulag í Fossvogi var samþykkt í borgarráði 6. febrúar 1968.
- Breyting á skipulagi einbýlishúsa í Fossvogi var samþykkt í borgarráði 24. ágúst 1999.
- Breyting sem leyfir kjallara undir einbýlishúsunum var samþykkt í skipulagsráði 6. september 2006.
- Breyting sem heimilaði hækkun á nýtingarhlutfalli einbýlishúsa var samþykkt í borgarráði 14. desember 2007.

Breytingin felst í því að skilgreina nýtingarhlutfall ofanjarðar og bæta við heimild til nýtingarhlutfalls ofanjarðar vegna B-rýma.

Texti gildandi skilmála er svo hljóðandi:

Hámarksnýtingarhlutfall hækkar úr 0,24 í 0,3 ofanjarðar með bílgeymslu. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svo hljóðandi:

Hámarks nýtingarhlutfall A rýma ofanjarðar er 0,3 með bílgeymslu. Hámarks nýtingarhlutfall A og B rýma ofanjarðar með bílgeymslu er 0,37. Við útreikning nýtingarhlutfalls skal miða við að hver lóð sé $\frac{1}{4}$ af heildarstærð lóðar.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____

þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__